

18. maí 2022

Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu – Áhaldahús Neskaupstað

Umsókn um starfsleyfi fyrir áhaldahús að Naustahvammi 76, 740 Neskaupstað, barst 11. apríl sl. Umsækjandi var Fjarðabyggð kt. 470698-2099-4299.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru auglýst á heimasíðu HAUST þann 19. apríl sl. og veittur 4 vikna frestur til athugasemda. Frestur til að skila inn athugasemdum rann út 17.5.2022.

Engar athugasemdir við auglýsta starfsleyfistillögu bárust á umsagnartíma og var starfsleyfi fyrir áhaldahúsi útgefið þann 18.5.2022 með gildistíma í tólf ár.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingafyllt



Lára Guðmundsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi